



6.5.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013 og 360/2016  
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Almennt

### Í grein 6.5.1 í byggingarreglugerð segir:

„Handrið skal vera á öllum svölum bygginga, stigum, tröppum, pöllum, skábrautum og annars staðar þar sem hættu er á falli.

Handrið og handlistar skulu vera af fullnægjandi efnisgæðum og styrk og uppfylla allar kröfur til burðarpóls og endingar sem fram koma í þessari reglugerð og þeim stöðlum sem hún vísar til. Handrið skal hanna þannig að það verji fólk falli og að ekki séu möguleikar á að klifra í því.


Handrið/handlistar skulu vera báðum megin á öllum stigum/tröppum og skábrautum. Víkja má frá þessu í íbúðarhúsnæði ef lyfta er í húsinu og stiginn liggur að vegg. Á stiga eða tröppu sem er 0,9 m breið eða mjórri, sbr. 6.4.8. gr., og liggur að vegg er þó heimilt að hafa eitt handrið/handlista. Einnig er heimilt, í byggingum þar sem ekki er gerð krafa um algilda hönnun, að sleppa öðrum handlista í stigum sem eru mjórri en 1,30 m og liggja að vegg, ef sýnt er fram á að unnt sé að koma handlista fyrir síðar þannig að uppfylltar séu kröfur um lágmarksbreidd stiga.

Mesta bil milli handriða í stigum/tröppum/skábrautum má vera 2,70 m. Fari breiddin yfir það skal bæta við auka handlistum.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

## Leiðbeiningar

Í 4. mgr. 6.5.1 gr. segir: „Mesta bil milli handriða í stigum/tröppum/skábrautum má vera 2,70 m. Fari breiddin yfir það skal bæta við auka handlistum.“ Auka handlistinn er til þess að veita fólki meira öryggi í breiðum stigum, skábrautum og tröppum.



Mynd 1. Auka handlisti í stigum/tröppum/skábrautum, öll mál í mm



### Tilvísanir

<http://www.sbi.dk/tilgaengelighed/tjeklister>

<http://byggeregler.dibk.no/dxp/content/tekniskekrav/12>

<http://boverket.se/Bygga--forvalta/Bygg--och-konstruktionsregler-ESK>

<http://byggningsreglementet.dk/br10>

<http://www.rabygg.is/adgengi>

### Heimildir

- Tilgængelighed-tjeklister, Statens Byggeforskningsinstitut, Aalborg Universitet, 26.08.2011
- DiBK Byggeregler - Veiledning om tekniske krav til byggverk, Ho-2/2011
- Boverkets byggsregler, BBR 19, 10.10.2011
- Byggningsreglementet.dk, 29.08.2011
- Aðgengi fyrir alla - handbók um umhverfi og byggingar, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, 2002